

4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimitaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimitaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimitaugargjald fyrir hina nýju heimitaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimitaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Óski eigandi húsveitu eftir að heimitaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Ýmis ákvæði.

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunaflí á ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.
3. Rafveitan leiðbeinir notendum er þess óska um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.
4. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Önnur notkun.

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 38, 16. janúar 1995.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. janúar 1996.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Eskifjarðarkaupstað.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í Eskifjarðarkaupstað, sbr. c lið 2. gr. samþykktar nr. 685/1994 um hunda- og kattahald í Eskifjarðarkaupstað, skal verða kr. 6.500 á ári.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. febrúar.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundi, sbr. 6. gr. samþykktar nr. 685/1994 skal vera kr. 4.000.

3. gr.

Innifalið í skráningargjaldinu er skráning og ábyrgðartrygging á hundinum auk bandormahreinsunar einu sinni á ári.

4. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt í bæjarráði Eskifjarðar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 88/1995 fyrir hundahald í þéttbýli á Eskifirði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi árið 1996 er 15. febrúar.

Umhverfissráðuneytinu, 5. febrúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 231/1993, um endurgreiðslu á umtalsverðum útgjöldum sjúkratryggðra vegna læknishjálpar og lyfja, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir tölunni „4“ í b. lið 2. gr., sbr. a. lið 1. gr. reglna nr. 70/1996, kemur: 6.

2. gr.

Reglur þessar sem settar eru með stoð í 12. gr. laga nr. 118/1993, um félagslega aðstoð öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. febrúar 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.